

Samþykkt þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 73, 14. nóvember 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 63
20. júní

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. júní 1932.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

Staðfesting konungs, á skipulagsskrá fyrir Enghlíðingasjóð, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. júní 1932. Skipulags- 64
23. júní
skráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Enghlíðingasjóð.

1. gr.

Enghlíðingasjóður er myndaður af verði fyrir jörðina Blöndubakka að upphæð kr 5500,00, og er eign Engihlíðarhrepps í Húnavatnssýslu.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að létta íbúum Engihlíðarhrepps sveitargjöldin og í framtíðinni að efla framfarir sveitarinnar.

3. gr.

Engihlíðarhreppur leggur 5500 kr. í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands og skulu allir vextir af höfuðstólnum leggjast við hann í næstu 25 ár. Að þeim tíma liðnum má verja helming vaxtanna í þarfir sveitarinnar, en hinn helmingurinn skal jafnan lagður við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

4. gr.

Stjórn sjóðsins hefir hreppsnefnd Engihlíðarhrepps undir yfir umsjón sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu. Skal hreppsnefndin eftir að farið er að eyða vöxtunum árlega gera reikning yfir sjóðinn, og skal farið með endurskoðun hans og samþykkt eins og sveitarsjóðsreikningsins.

5. gr.

Venjulegast skulu hálfir vextirnir — eftir að þeir koma til útborgunar — verða tekjur sveitarsjóðsins. Þó getur hreppsnefnd með samþykki almenns

64 hreppsfundar er sé löglega boðaður varið $\frac{1}{2}$ vöxtunum eða parti af þeim til ein-
23. júní hverra framfara-fyrirtækja í hreppnum.

6. gr.

Virðist hreppsnefnd Engihliðarhrepps að 100 árum liðnum, nauðsyn að breyta skipulagsskrá þessari, má gera það ef það verður samþykkt á löglega boðuðum sveitarfundi af $\frac{3}{4}$ atkvæða. Þó má aldrei gera neinar breytingar er ganga í þá átt að skerða höfuðstól þann sem þá er til.

7. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Á hreppsnefndarfundi að Holtastöðum 7. apríl 1930.

Jónatan J. Líndal, Bjarni Ó. Frímannsson, Ari H. Erlendsson,
Einar Guðmundsson, Þorbjörn Björnsson.

65
24. júní

REGLUGERÐ

fyrir bændaskólana á Hólum og Hvanneyri.

I. Tilgangur skólanna og námstími.

1. gr.

Tilgangur skólanna er að veita bændaeftum nauðsynlega sérþekking til undirbúnings stöðu þeirra.

2. gr.

Í hvorum skóla séu tvær deildir: búfræðideild með tveim bekkjum og bændadeild, sem er aðeins einn bekkur. Skólaár telst frá 15. okt. til 30. apríl í búfræðideild, en í bændadeild frá 15. okt. til 15. maí. Jólaleyfi skal vera frá 22. des. til 4. jan., að báðum dögum meðtöldum. Kennsla fer og ekki fram 1. des., laugardag næstan fyrir páska og fyrsta sumardag.

II. Stjórn og fyrirkomulag.

3. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi yfirumsjón skólanna. Það skipar skólastjóra og kennara í samráði við skólastjóra.